

Skólaráðsfundur 14. mars 2024

kl. 09:00

Mættir: Bylgja Baldursdóttir skólastjóri, Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir kennari, Ásdís Elma Ágústsdóttir fulltrúi nemendaráðs, Karma Á.M. Ólafs fulltrúi nemendaráðs, Ása Lilja Rögnvaldsdóttir fulltrúi foreldrafélagsins, Elín Björg Gissurardóttir fulltrúi foreldrafélagsins, Þórunn Björk Tryggvadóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Arne Kristinn Arneson fulltrúi kennara, Ársæll Kristinn Björnsson fulltrúi almenns starfsfólks.

1. mál - skóladagatal

Bylgja fór yfir skóladagatal næsta skólaárs. Útskýrði einnig hvað litirnir þýða á dagatalinu og hvernig uppbrot, frí og annað er sett upp fyrir næsta ár.

2. mál - KVAN

Foreldrafræðsla á vegum sprotaverkefnis. Farið var yfir fræðslu KVAN fyrir nemendur og foreldra. Skoðaðar niðurstöður úr umræðuhópum frá foreldrafræðslunni. Almenn ánægja var með foreldrafræðsluna.

3. mál – fréttir úr skólastarfinu

Skólapúlsinn. Farið var yfir niðurstöður nemenda í 6. -10. bekk, 2/3 nemenda eru búnir að taka könnun skólapúlsins. Almenn kom könnunin vel út en það sem kennarar munu skoða sérstaklega eftir þessar niðurstöður er að finna leið til að bæta aga í kennslustundum og trú nemenda á eigin vinnubrögðum. Einnig var farið yfir niðurstöður úr foreldrakönnun og niðurstöður hennar ræddar, könnunin kom almennt vel út.

Sagt frá fundi við FS þar sem námsmat 10. bekkjar er borið saman við námsmat hjá FS eftir haustönnina. Niðurstöður fundarins var að Sandgerðisskóli er að meta nemendur rétt og skila af sér marktæku námsmati.

Símalaus föstudagur – gengur vel. Foreldrafélagið lét vita af því að hafa samband megi samband við það ef það þarf að kaupa spil eða annað fyrir frímínútur.

Árshátíðardagur – tvær árshátíðir eru í dag, mikil vinna liggur að baki þessara flottu sýninga hjá nemendum og starfsfólki skólans.

Árshátíð eldri – verður með hefðbundnu sniði líkt og áður.

4. mál – foreldrafélagið

Frábær þátttaka í páskaföndri foreldrafélagsins, líklega um 140 manns.

Næst á dagskrá hjá foreldrafélaginu er að undirbúa vorhátíðina.

Foreldrafélagið er að safna fyrir pool borði. Yfir 90% af fjölskyldum greiddu reikning upp á 2.000 kr. frá foreldrafélaginu.

5. mál – nemendaráð

Fram undan er útgáfa á skólablaðinu. Skíðaferðin féll niður vegna veðurs. Margar nýjar hefðir hafa skapast m.a. draugahús á hrekkja vökunni, þorrasmakk, konudagsdekur, bleikur október o.fl. Nemendaráð fundaði með foreldrafélaginu á fundinum voru ræddar ýmsar hugmyndir um hvernig foreldrafélagið geti komið að starfinu. Nemendasráðið hefur sett upp rafræna hugmyndakassa fyrir nemendur.

6. mál – önnur mál

Engin önnur mál. Fundi slitið kl. 09:51. Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir ritaði fundargerð.